

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2000/80/EB

2003/EES/6/15

frá 4. desember 2000

um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna í því skyni að sameina þann viðauka og bæta við nýju, virku efni (lambda-sýshalótrín)(*).

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/68/EB ⁽²⁾, einkum 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 frá 11. desember 1992 um nákvæmar reglur um framkvæmd fyrsta áfanga vinnuáætlunar, sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2266/2000 ⁽⁴⁾, er mælt fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd fyrsta áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 91/414/EBE (hér á eftir nefnd „tilskipunin“). Á grundvelli þeirrar reglugerðar var í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 933/94 frá 27. apríl 1994 um ákvæði til framkvæmdar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 að því er varðar virk efni í plöntuvarnarefnum og um tilnefningu skýrslugjafarríkja ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2230/95 ⁽⁶⁾, sett fram skrá yfir virk efni í plöntuvarnarefnum sem meta átti með hugsanlega skráningu í I. viðauka við tilskipunina í huga.
- 2) Í samræmi við 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar skal skráning virks efnis í I. viðauka ekki gilda lengur en í 10 ár ef gera má ráð fyrir því að hvorki notkun né leifar plöntuvarnarefna með þessu virka efni muni hafa skaðleg áhrif á heilsu manna eða dýra né á grunnvatn eða óviðunandi áhrif á umhverfið.
- 3) Áhrif lambda-sýshalótríns á heilsu manna og umhverfið hafa verið metin í samræmi við ákvæðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 3600/92, að því er varðar þær notkunaraðferðir sem tilkynnendur hafa lagt til. Svíþjóð var tilnefnt sem skýrslugjafarríki samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 491/95 ⁽⁷⁾ um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3600/92 og reglugerð (EB)

nr. 933/94, einkum að því er varðar aðlögun tilnefndra opinberra yfirvalda og framleiðenda í Austurríki, Finnlandi og Svíþjóð að framkvæmd fyrsta áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar. Svíþjóð lagði viðeigandi matsskýrslu og tilmæli fyrir framkvæmdastjórnina 12. júní 1996 í samræmi við c-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3600/92.

- 4) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa farið yfir matsskýrsluna innan fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði. Þeirri endurskoðun lauk 19. október 2000 með endurmatsskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um lambda-sýshalótrín. Ef uppfæra þarf endurmatsskýrsluna með tilliti til þróunar á sviði tækni og vísinda verður einnig nauðsynlegt að breyta skilyrðunum fyrir skráningu lambda-sýshalótríns í I. viðauka við tilskipunina í samræmi við tilskipunina.
- 5) Málsskjöl og upplýsingar úr athuguninni voru einnig lögð fyrir vísindanefndina um plöntur. Í álitu sínu frá 28. janúar 2000 ⁽⁸⁾ greindi nefndin frá því að framkvæma beri áhættumat vegna bráðrar eitrunar í matvælum og skilgreina beri viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar. Þar að auki lagði nefndin áherslu á, með tilliti til verndunar umhverfisins, að grípa skuli til viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu til að forðast óæskileg áhrif á vatnalífverur og liðdýr utan markhópa, þ.m.t. býflugur. Tekið hefur verið tillit til þessara tilmæla í ráðstöfunum þessarar tilskipunar og viðeigandi endurmatsskýrslu.
- 6) Mismunandi rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir því að plöntuvarnarefni, sem innihalda virka efnið sem um er að ræða, uppfylli almennt kröfurnar, sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar, einkum að því er varðar notkunaraðferðirnar sem voru skoðaðar og tíundaðar í endurmatsskýrslunni. Því þykir rétt að bæta viðkomandi virku efni á skrá í I. viðauka til þess að tryggja að unnt sé að veita leyfi í öllum aðildarríkjum fyrir plöntuvarnarefnum, sem innihalda viðkomandi virkt efni, í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar.
- 7) Í tilskipuninni er kveðið á um að þegar virkt efni hefur verið skráð í I. viðauka hennar skulu aðildarríkin, innan tilskilins frests og eftir því sem við á, veita leyfi fyrir plöntuvarnarefninu, sem inniheldur virka efnið, breyta því eða afturkalla það. Sérstaklega er þess krafist að ekki verði veitt leyfi fyrir plöntuvarnarefni nema að teknu tilliti til þeirra skilyrða, sem tengjast skráningu virka efnisins í I. viðauka, og samræmdu meginreglnanna, sem mælt

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 309, 9.12.2000, bls. 14, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2002 frá 31. maí 2002 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 44, 5.9.2002, bls. 9.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 276, 28.10.2000, bls. 41.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 366, 15.12.1992, bls. 10.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 259, 13.10.2000, bls. 27.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 107, 28.4.1994, bls. 8.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 225, 22.9.1995, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 49, 4.3.1995, bls. 50.

⁽⁸⁾ Vísindanefnd um plöntur, 28.1.2000.

er fyrir um í tilskipuninni, á grundvelli málsskjala sem uppfylla kröfur um tilskilin gögn.

8) Áður en virka efnið er skráð í I. viðauka er nauðsynlegt að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja skráningunni. Að skráningu lokinni er þar að auki nauðsynlegt að veita aðildarríkjunum hæfilegan frest til að framkvæma ákvæði tilskipunarinnar um plöntuvarnarefni sem innihalda lambda-sýhalótrín. Sérstaklega skulu aðildarríkin, áður en fresturinn rennur út, endurskoða gildandi heimildir og, eftir því sem við á, veita ný leyfi í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar. Kveða skal á um lengri frest til að leggja fram og meta öll málsskjöl fyrir hvert plöntuvarnarefni í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipuninni. Fullkomið mat, á grundvelli samræmdu meginreglnanna fyrir plöntuvarnarefni, sem innihalda nokkur virk efni, getur því aðeins farið fram að öllum viðkomandi virkum efnum hafi verið bætt við í I. viðauka tilskipunarinnar.

9) Rétt þykir að aðildarríkin sjái til þess að hagsmunaaðilar hafi aðgang að lokagerð endurmatsskýrslunnar (að undanskildum trúnaðarupplýsingum) eða sé veittur aðgangur að henni.

10) Endurmatsskýrslan er nauðsynleg til að tryggja rétta framkvæmd aðildarríkjanna á nokkrum þáttum samræmdu meginreglnanna sem mælt er fyrir um í tilskipuninni ef meginreglurnar vísa til mats á gögnum sem voru lögð fram í því skyni að bæta virka efninu á skrá í I. viðauka við tilskipunina.

11) Allmörg efni hafa verið skráð í I. viðauka við tilskipunina með röð af tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar, þ.e. tilskipun 97/73/EB ⁽¹⁾, 98/47/EB ⁽²⁾, 1999/1/EB ⁽³⁾, 1999/73/EB ⁽⁴⁾, 1999/80/EB ⁽⁵⁾, 2000/10/EB ⁽⁶⁾, 2000/49/EB ⁽⁷⁾ og 2000/50/EB ⁽⁸⁾. Til glöggvunar og til hagræðingar skulu upplýsingar um þetta efni teknar saman í töflu og þessar tilskipanir felldar úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi frest til að setja lög og til beitingar eins og fram kemur í II. viðauka.

12) Til að tryggja samræmi og samræmda beitingu þykir rétt að kveða á um að tekið sé tillit til lokagerðar endurmatsskýrslunnar um sérhvert efni við beitingu samræmdra reglna við mat á og veitingu leyfis fyrir plöntuvarnarefnum skv. VI. viðauka við tilskipunina. Að sama skapi þykir rétt að aðildarríkin sjái til þess að hagsmunaaðilar hafi aðgang að öllum endurmatsskýrslum (að undanskildum trúnaðarupplýsingum) eða sé veittur aðgangur að þeim.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði sem var skilað 19. október 2000.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE komi textinn í I. viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu einkum, í samræmi við tilskipun 91/414/EBE og ef nauðsyn ber, breyta eða afturkalla gildandi leyfi fyrir plöntuvarnarefni sem innihalda virka efnið lambda-sýhalótrín áður en þessi frestur rennur út.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Með tilliti til mats og ákvarðana í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem kveðið er á um í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, á grundvelli skjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við tilskipunina, skal fresturinn til að breyta eða afturkalla leyfi fyrir plöntuvarnarefni, sem innihalda lambda-sýhalótrín sem eina virka efnið, vera til 1. janúar 2006.

3. Fresturinn til að breyta eða afturkalla leyfi vegna plöntuvarnarefna, sem innihalda lambda-sýhalótrín og annað virkt efni sem er skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, rennur út fjórum árum eftir gildistöku tilskipunarinnar sem tekur til síðustu efnanna í I. viðauka.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 353, 24.12.1997, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 191, 7.7.1998, bls. 50.

⁽³⁾ Stjtuð. EB L 21, 28.1.1999, bls. 21.

⁽⁴⁾ Stjtuð. EB L 206, 5.8.1999, bls. 16.

⁽⁵⁾ Stjtuð. EB L 210, 10.8.1999, bls. 13.

⁽⁶⁾ Stjtuð. EB L 57, 2.3.2000, bls. 28.

⁽⁷⁾ Stjtuð. EB L 197, 3.8.2000, bls. 32.

⁽⁸⁾ Stjtuð. EB L 198, 4.8.2000, bls. 39.

3. gr.

Tilskipanirnar, sem skráðar eru í þriðja dálki II. viðauka, falli hér með úr gildi, sbr. þó skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi frest til að setja lög og sérákvæðin í II. viðauka.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Ákvæði 2. gr., varðandi virka efnið lambda-sýhalótrín, ásamt skráningu þessa virka efnis í I. viðauka við tilskipun

91/414/EBE, gilda frá 1. janúar 2002.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. desember 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

VIRK EFNI SEM LEYFILEGT ER AÐ NOTA Í PLÖNTUVERNAREFNUM

Almenn ákvæði sem gilda um öll efni sem eru skráð í þessum viðauka:

Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna í VI. viðauka varðandi sérhvert efni skal tekið tillit til niðurstaðna í endurmatsskýrslunni þar að lútandi, einkum I. og II. viðbætis hennar, eins og hún var frá hendi fastanefndar um plöntuheilbrigði þann dag sem er tilgreindur undir „sérákvæði“ fyrir tiltekið efni.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að hagsmunaaðilar hafi aðgang að öllum endurmatsskýrslum (að undanskildum trúnaðarupplýsingum í skilningi 14. gr. tilskipunarinnar) eða sé veittur aðgangur að þeim sé þess sérstaklega óskað.

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (¹)	Gildistaka	Skráning rennur út	Sérákvæði
1	Ímasalíl CAS-nr. 73790-28-0, 35554-44-0 CIPAC-nr. 335	(±)-1-(β-allyloxý-2,4-díklórfenýletýl)-ímídasól eða (±)-allyl 1-(2,4-díklórfenýl)-2-ímídasól-1-ýletýleter	975 g/kg	1.1.1999	31.12.2008	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem sveppaeyðir. Eftirtaldir notkunaraðferðir eru háðar eftirtöldum sérskilyrðum: — notkun á ávexti, grænmeti og kartöflur eftir uppskeru skal aðeins leyfð ef fyrir hendi er hentugur afmengunarbúnaður eða ef aðildarríkinu, sem veitir leyfið, hefur verið sýnt fram á það með áhættumati að losun meðferðarlausnarinnar hafi ekki í för með sér óviðunandi áhættu fyrir umhverfið, einkum vatnalífverur, — notkun á kartöflur eftir uppskeru skal aðeins leyfð ef aðildarríkinu, sem veitir leyfið, hefur verið sýnt fram á það með áhættumati að losun vinnsluúrgangs meðhöndlaðra kartaflna hafi ekki í för með sér óviðunandi áhættu fyrir vatnalífverur, — notkun á laufblöð utan dyra skal aðeins leyfð ef aðildarríkinu, sem veitir leyfið, hefur verið sýnt fram á það með áhættumati að slík notkun hafi ekki nein óviðunandi áhrif á heilsu manna og dýra og á umhverfið. Fastanefndin um plöntuheilbrigði gekk frá endurmatsskýrslunni: 11. 7. 1997.
2	Asoxýstróbín CAS-nr. 131860-33-8 CIPAC-nr. 571	Metýl (E)-2-{2[6-(2-sýanófenoxý)pyrimídín-4-ýloxý] fenýl}-3-metoxýakrílat	930 g/kg (Z myndbrigði hámark 25 g/kg)	1.7.1998	1.7.2008	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem sveppaeyðir. Við ákvarðanatöku samkvæmt samræmdu meginreglunum skal einkum gefa gaum að áhrifum á vatnalífverur. Skilyrði fyrir leyfi skulu taka til ráðstafana sem miða að því að draga úr áhættu. Fastanefndin um plöntuheilbrigði gekk frá endurmatsskýrslunni: 22. 4. 1998.

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (°)	Gildistaka	Skráning rennur út	Sérákvæði
3	Kresoxím-metýl CAS-nr. 143390-89-0 CIPAC-nr. 568	Metýl (E)-2-metoxýímínó-2-[2-(o-tólýloxýmetýl)fenýl] asetat	910 g/kg	1.2.1999	31.1.2009	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem sveppaeyðir. Við ákvarðanatöku samkvæmt samræmdu meginreglunum skulu aðildarríkin gefa verndun grunnvatns sérstakan gaum þegar um viðkvæmar aðstæður er að ræða. Fastanefndin um plöntuheilbrigði gekk frá endurmatsskýrslunni: 16. 10. 1998.
4	Spíroxamín CAS-nr. 1181134-30-8 CIPAC-nr. 572	(8-tert-bútýl-1,4-díoxaspiró [4.5] dekan-2-ýlmetýl)-etýl-própýlamín	940 g/kg (díastereo-myndbrigðin A og B til samans)	1.9.1999	1.9.2009	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem sveppaeyðir. Við ákvarðanatöku samkvæmt samræmdu meginreglunum skulu aðildarríkin: — gefa öryggi notenda sérstakan gaum og sjá til þess að skilyrðin fyrir leyfinu taki til viðeigandi verndarráðstafana, og — gefa áhrifum á vatnalífverur sérstakan gaum og sjá til þess að skilyrði fyrir leyfinu taki til ráðstafana til að draga úr áhættu eftir því sem við á. Fastanefndin um plöntuheilbrigði gekk frá endurmatsskýrslunni: 12. 5. 1999.
5	Asímsúlfúron CAS-nr. 120162-55-2 CIPAC-nr. 584	1-(4,6-dímetoxýpýrimídín-2-ýl)-3-[1-metýl-4-(2-metýl-2H-tetrasól-5-ýl)-pýrasól-5-ýlsúlfonýl]-þvagefni.	980 g/kg	1.10.1999	1.10.2009	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir. Ekki er heimilt að leyfa úðun úr lofti. Aðildarríkin skulu gefa áhrifum á vatnalífverur og landplöntur utan markhópa sérstakan gaum og sjá til þess að skilyrðin fyrir leyfinu taki, eftir því sem við á, til viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættu (dæmi um þetta er lágmarksbiðtímabil í hrísgrjónarækt áður en vatni er hleypt burt). Fastanefndin um plöntuheilbrigði gekk frá endurmatsskýrslunni: 2. 7. 1999.
6	Flúroxýpýr CAS-nr. 69377-81-7 CIPAC-nr. 431	4-aminó-3,5-díklóró-6-flúor-2-pýridýloxýedíksýra	950 g/kg	1.12.2000	30.11.2010	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir. Við ákvarðanatöku samkvæmt samræmdu meginreglunum skulu aðildarríkin: — hafa hliðsjón af viðbótarupplýsingum sem óskað er eftir í 7. lið endurmatsskýrslunnar, — gefa verndun grunnvatns sérstakan gaum, — gefa áhrifum á vatnalífverur sérstakan gaum og sjá til þess að skilyrði fyrir leyfinu taki til ráðstafana til að draga úr áhættu eftir því sem við á. Hafi umbeðnar viðbótarprófanir og -upplýsingar, eins og um getur í 7. lið endurmatsskýrslunnar, ekki verið lagðar fram 1. 12. 2000 skulu aðildarríkin tilkynna það til framkvæmdastjórnarinnar. Fastanefndin um plöntuheilbrigði gekk frá endurmatsskýrslunni: 30. 11. 1999.

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Gildistaka	Skráning rennur út	Sérákvæði
7	Metsúlfúron-metýl CAS-nr. 74223-64-6 EBE-nr. 441	Metýl-2-(4-metoxý-6-metýl-1,3,5-tríasín-2-ýlkarbamóýlsúlfamóýl) bensóat	960 g/kg	1.7.2001	30.6.2011	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir. Við ákvarðanatöku samkvæmt samræmdu meginreglunum skulu aðildarríkin: — gefa verndun grunnvatns sérstakan gaum, — gefa áhrifum á vatnalífverur sérstakan gaum og sjá til þess að skilyrði fyrir leyfinu taki til ráðstafana til að draga úr áhættu eftir því sem við á. Fastanefndin um plöntuheilbrigði gekk frá endurmatsskýrslunni: 6. 6. 2000.
8	Próhexadíon-kalsíum CAS-nr. 127277-53-6 CIPAC-nr. 567	Kalsíum 3,5-díoxó-4-própíónýlsýklóhexankarboxýlat	890 g/kg	1.10.2000	1.10.2010	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem stýriefni. Fastanefndin um plöntuheilbrigði gekk frá endurmatsskýrslunni: 16. 6. 2000.
9	Tríasúlfúron CAS-nr. 82097-50-5 CIPAC-nr. 480	1-[2-(2-klóretoxý)fenýlsúlfonýl]-3-(4-metoxý-6-metýl-1,3,5-tríasín-2-ýl)þvagefni	940 g/kg	1.8.2001	31.7.2011	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir. Við ákvarðanatöku samkvæmt samræmdu meginreglunum skulu aðildarríkin: gefa verndun grunnvatns sérstakan gaum, gefa áhrifum á vatnalífverur sérstakan gaum og sjá til þess að skilyrði fyrir leyfinu taki til ráðstafana til að draga úr áhættu eftir því sem við á. Fastanefndin um plöntuheilbrigði gekk frá endurmatsskýrslunni: 13. 7. 2000.
10	Esfenvalerat CAS-nr. 66230-04-4 CIPAC-nr. 481	(S)- α -sýanó-3-fenoxýbensýl-(S)-2-(4-klórfenýl)-3-metýlbútýrat	830 g/kg	1.8.2001	31.7.2011	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem skordýraeitur. Við ákvarðanatöku samkvæmt samræmdu meginreglunum skulu aðildarríkin: — gefa mögulegum áhrifum á vatnalífverur og liðdýr utan markhóps sérstakan gaum og sjá til þess að skilyrði fyrir leyfinu taki til ráðstafana til að draga úr áhættu eftir því sem við á. Fastanefndin um plöntuheilbrigði gekk frá endurmatsskýrslunni: 13. 7. 2000.
11	Bentasón CAS-nr. 25057-89-0 CIPAC-nr. 366	3-ísóprópýl-(1H)-2,1,3-bensóþíadíasín-4-(3H)-on-2,2-díoxíð	960 g/kg	1.8.2001	31.7.2011	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir. Við ákvarðanatöku samkvæmt samræmdu meginreglunum skulu aðildarríkin gefa verndun grunnvatns sérstakan gaum. Fastanefndin um plöntuheilbrigði gekk frá endurmatsskýrslunni: 13. 7. 2000.

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Gildistaka	Skráning rennur út	Sérákvæði
12	Lambda-sýhalótrín CAS-nr. 91465-08-6 CIPAC-nr. 463	Blanda í hlutfallinu 1:1 af: (S)- α -sýanó- 3-fenoxýbensýl (Z)-(1R,3R)-3-(2-klór- 3,3,3-tríflúorprópenýl)- 2,2-dimetýlsýklóprópan- karboxýlat, og (R)- α -sýanó- 3-fenoxýbensýl (Z)-(1S,3S)-3-(2-klór- 3,3,3-tríflúorprópenýl)- 2,2-dimetýlsýklóprópan- karboxýlat	810 g/kg	1.1.2002	31.12.2011	Eingöngu má leyfa að efnið sé notað sem skordýraeitur. Við ákvarðanatöku samkvæmt samræmdu meginreglunum skulu aðildarríkin: — gefa öryggi notenda sérstakan gaum, — gefa mögulegum áhrifum á vatnalífverur og lífdýrum utan markhóps sérstakan gaum, þ. m. t. býflugum, og sjá til þess að skilyrði fyrir leyfinu taki til ráðstafana til að draga úr áhættu eftir því sem við á — gefa leifum í matvælum sérstakan gaum og sérstaklega bráðum áhrifum þeirra. Fastanefndin um plöntuheilbrigði samþykkti endurmatsskýrsluna: 19. 10. 2000.

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um kenni og forskrift virku efnanna er að finna í endurmatsskýrslunum.⁴⁵

II. VIÐAUKI

FRESTUR TIL AÐ BEITA FRAMKVÆMDARRÁÐSTÖFUNUM Í AÐILDARRÍKJUNUM AÐ ÞVÍ ER VARDAR VIRK EFSNI
SEM HEIMILT ER AÐ NOTA Í PLÖNTUVERNAREFNUM

Númer	Almennt heiti	Skráningartilskipun	Frestur til að setja lög	Sérákvæði
1	Ímasalíl	Tilskipun 97/73/EB	30.6.1999	<p>Aðildarríkin skulu, í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/414/EBE og, þar sem við á, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuvarnarefni sem innihalda ímasalíl áður en fresturinn til að setja lög rennur út.</p> <p>Með tilliti til mats og ákvarðana í samræmi við samræmdu meginreglurnar, sem kveðið er á um í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, á grundvelli málsskjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við tilskipunina, er fresturinn til að setja lög framlengdur:</p> <ul style="list-style-type: none"> — vegna plöntuvarnarefna, sem innihalda eingöngu ímasalíl og eru ekki ætluð til notkunar á laufblöð utan dyra, til 1. 1. 2003, — vegna plöntuvarnarefna, sem innihalda ímasalíl og önnur virk efni, sem enn hafa ekki verið skráð í I. viðauka, og sem eru ekki ætluð til notkunar á laufblöð utan dyra, í fjögur ár frá gildistöku tilskipunar þar sem kveðið er á um skráningu þess síðasta af slíkum efnum í I. viðauka.
2	Asoxýstróbín	Tilskipun 98/47/EB	1.1.1999	Fyrir plöntuvarnarefni, sem innihalda asoxýstróbín ásamt öðru virku efni sem er skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, er fresturinn til að setja lög þó framlengdur ef kveðið er á um lengri tíma til framkvæmda í ákvæðunum sem mælt er fyrir um í tilskipuninni og varða skráningu hins virka efnisins í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.
3	Kresoxím-metýl	Tilskipun 1999/1/EB	31.7.1999	Fyrir plöntuvarnarefni, sem innihalda kresoxím-metýl ásamt öðru virku efni, sem er skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, er fresturinn til að setja lög þó framlengdur ef kveðið er á um lengri tíma til framkvæmda í ákvæðunum sem mælt er fyrir um í tilskipuninni og varða skráningu hins virka efnisins í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.
4	Spiroxamín	Tilskipun 1999/73/EB	1.1.2000	Fyrir plöntuvarnarefni, sem innihalda spiroxamín ásamt öðru virku efni, sem er skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, er fresturinn til að setja lög þó framlengdur ef kveðið er á um lengri tíma til framkvæmda í ákvæðunum sem mælt er fyrir um í tilskipuninni og varða skráningu hins virka efnisins í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.
5	Asímsúlfúron	Tilskipun 1999/80/EB	1.4.2000	<p>Með tilliti til mats og ákvarðana samkvæmt samræmdu meginreglunum, sem kveðið er á um í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, á grundvelli málsskjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við tilskipunina, er fresturinn, til að setja lög framlengdur til 1. 4. 2001 fyrir gildandi bráðabirgðaleyfi fyrir plöntuvarnarefni sem innihalda asímsúlfúron.</p> <p>Fyrir plöntuvarnarefni, sem innihalda asímsúlfúron ásamt öðru virku efni sem er skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, er fresturinn til að setja lög þó framlengdur ef kveðið er á um lengri tíma til framkvæmda í ákvæðunum sem mælt er fyrir um í tilskipuninni og varða skráningu hins virka efnisins í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.</p>

Númer	Almennt heiti	Skráningartilskipun	Frestur til að setja lög	Sérákvæði
6	Flúroxýpýr	Tilskipun 2000/10/EB	1.6.2000	<p>Aðildarríkin skulu, í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/414/EBE og, þar sem við á, breyta eða afturkalla áður útgefin leyfi fyrir plöntuvarnarefni sem innihalda virka efnið flúroxýpýr áður en frestur til að setja lög rennur út.</p> <p>Með tilliti til mats og ákvarðana í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem kveðið er á um í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, á grundvelli málskjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við tilskipunina, er fresturinn til að setja lög framlengdur:</p> <ul style="list-style-type: none"> — vegna plöntuvarnarefna, sem innihalda einungis flúroxýpýr, til 1. 12. 2004, — vegna plöntuvarnarefna, sem innihalda flúroxýpýr og annað virkt efni, sem er skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, um fjögur ár frá gildistöku tilskipunar þar sem kveðið er á um skráningu þess síðasta af slíkum efnunum í I. viðauka.
7	Metsúlfúron-metýl	Tilskipun 2000/49/EB	31.12.2001	<p>Aðildarríkin skulu, í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/414/EBE og, þar sem við á, breyta eða afturkalla áður útgefin leyfi fyrir plöntuvarnarefni sem innihalda virka efnið metsúlfúron-metýl áður en fresturinn til að setja lög rennur út.</p> <p>Með tilliti til mats og ákvarðana í samræmi við samræmdu meginreglurnar, sem kveðið er á um í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, og á grundvelli skjala, sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka þeirrar tilskipunar, er fresturinn, sem mælt er fyrir um í fyrstu málsgreininni, framlengdur:</p> <ul style="list-style-type: none"> — vegna plöntuvarnarefna, sem innihalda einungis virka efnið metsúlfúron-metýl, til 1. 7. 2005, — að því er varðar plöntuvarnarefni, sem innihalda metsúlfúronmetýl ásamt öðru virku efni, sem finnst í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, um fjögur ár frá gildistöku þeirrar tilskipunar þar sem hinu síðasta þessara efna er bætt við í I. viðauka.
8	Próhexadíon-kalsíum	Tilskipun 2000/50/EB	1.1.2001	<p>Með tilliti til mats og ákvarðana í samræmi við samræmdu meginreglurnar, sem kveðið er á um í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, á grundvelli málskjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við tilskipunina, er fresturinn til að setja lög framlengdur til 1. 1. 2002 fyrir gildandi bráðabirgðaleyfi fyrir plöntuvarnarefni sem innihalda próhexadíon-kalsíum.</p> <p>Fyrir plöntuvarnarefni, sem innihalda próhexadíon-kalsíum ásamt öðru virku efni, sem er skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, er fresturinn til að setja lög þó framlengdur ef kveðið er á um lengri tíma til framkvæmda í ákvæðunum sem mælt er fyrir um í tilskipuninni og varða skráningu hins virka efnisins í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.</p>
9	Tríasúlfúron	Tilskipun 2000/66/EB	31.1.2002	<p>Aðildarríkin skulu, í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/414/EBE og, þar sem við á, breyta eða afturkalla áður útgefin leyfi fyrir plöntuvarnarefni sem innihalda virka efnið tríasúlfúron áður en fresturinn til að setja lög rennur út.</p> <p>Með tilliti til mats og ákvarðana í samræmi við samræmdu meginreglurnar, sem kveðið er á um í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, á grundvelli málskjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við tilskipunina, er fresturinn til að setja lög framlengdur:</p> <ul style="list-style-type: none"> — vegna plöntuvarnarefna, sem innihalda einungis virka efnið tríasúlfúron, til 1. 8. 2005, — vegna plöntuvarnarefna, sem innihalda tríasúlfúron og annað virkt efni, sem er skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, um fjögur ár frá gildistöku tilskipunar þar sem kveðið er á um skráningu þess af efnunum tveimur sem skráð var síðar í I. viðauka.

Númer	Almennt heiti	Skráningartilskipun	Frestur til að setja lög	Sérákvæði
10	Esfenvalerat	Tilskipun 2000/67/EB	31.1.2002	<p>Aðildarríkin skulu, í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/414/EBE og, þar sem við á, breyta eða afturkalla áður útgefin leyfi fyrir plöntuvarnarefni sem innihalda virka efnið esfenvalerat áður en fresturinn til að setja lög rennur út.</p> <p>Með tilliti til mats og ákvarðana í samræmi við samræmdu meginreglurnar, sem kveðið er á um í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, á grundvelli málsskjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við tilskipunina, er fresturinn til að setja lög framlengdur:</p> <ul style="list-style-type: none"> — vegna plöntuvarnarefna, sem innihalda einungis virka efnið esfenvalerat, til 1. 8. 2005, — vegna plöntuvarnarefna, sem innihalda esfenvalerat og annað virkt efni, sem er skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, um fjögur ár frá gildistöku tilskipunar þar sem kveðið er á um skráningu þess af efnunum tveimur sem skráð var síðar í I. viðauka.
11	Bentasón	Tilskipun 2000/68/EB	31.1.2002	<p>Aðildarríkin skulu, í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/414/EBE og, þar sem við á, breyta eða afturkalla áður útgefin leyfi fyrir plöntuvarnarefni sem innihalda virka efnið bentasón áður en fresturinn til að setja lög rennur út.</p> <p>Með tilliti til mats og ákvarðana í samræmi við samræmdu meginreglurnar, sem kveðið er á um í VI. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, á grundvelli málsskjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við tilskipunina, er fresturinn til að setja lög framlengdur:</p> <ul style="list-style-type: none"> — vegna plöntuvarnarefna, sem innihalda einungis virka efnið bentasón, til 1. 8. 2005, — vegna plöntuvarnarefna, sem innihalda bentasón og annað virkt efni, sem er skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, um fjögur ár frá gildistöku tilskipunar þar sem kveðið er á um skráningu þess af efnunum tveimur sem skráð var síðar í I. viðauka.